

Mál nr. 168/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið váttryggingarskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. júní 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum þess kemur fram að M hafi hugst fara í utanlandsferð hinn 23. maí 2022. Aðfararnótt brottfarardags hafi hún hins vegar fundið fyrir flensulíkum einkennum. Þar sem hún hefði verið í óbeindum samskiptum við manneskju sem hafði nýlega greinst með Covid-19 hafi hún óttast að vera smituð af þeim sjúkdómi og ekki treyst sér í ferðina. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 25. maí 2022, segir um lýsingu á læknisfræðilegri ástæðu forfalla að um sé að ræða mikið þunglyndi og kvíða, versnun á sjúkdómnum. Hafi M krafist bóta vegna þess tjóns sem hlaut af afbókuninni úr forfallatryggingu sinni hjá V. V hafi hins vegar hafnað kröfunni á grundvelli þess að M hafi þjáðst af þunglyndi og kvíða til lengri tíma. Slík rök standist ekki skoðun enda hafi M aldrei fyrr þurft að afboða ferð vegna veikinda og hafi hún m.a. ferðast erlendis í apríl 2022, þ.e. eftir að hún bókaði ferðina sem hún hugðist fara í 23. maí 2022. Sé því ljóst að hún hafi ekki verið veik á þeim tíma. Kvíði og þunglyndi séu þess eðlis að þó viðkomandi nái sér geti veikindi komið upp síðar á lífsleiðinni, og sé þá ekki um sömu veikindi að ræða þó yfirheiti þeirra sé það sama. Í þessu tilviki hafi kvíði M tengst því að hún taldi sig vera smitaða af Covid-19 og hefði því verið gáleysi af hennar hálfu að fara eftir sem áður í umrædda ferð.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum forfallatryggingar silfurkorts, en það sé sú váttrygging sem M sé með í gildi hjá V, komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem váttryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Í fyrirliggjandi læknisvottorði komi fram að M hafi hætt við ferð sína vegna mikils þunglyndis, sem hún hafi verið í lyfjameðferð vegna. Því sé ljóst að M hafi þjáðst af umræddum sjúkdómi við greiðslu staðfestingargjalds og sé bótaréttur því ekki til staðar.

Álit.

Í umræddum váttryggingarskilmálum segir að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur eru fyrirfram og fæst ekki endurgreiddur vegna ferðar sem váttryggður kemst ekki í sé ástæða þess m.a. veikindi hins váttryggða. Um takmörkun á bótaskyldu segir svo að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem váttryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Af gögnum málsins má ráða að staðfestingargjald hafi verið greitt hinn 11. apríl 2022. Fyrirliggjandi er læknisvottorð dags. 25. maí 2022. Í umræddu vottorði er ekki fjallað um flensueinkenni þau sem M segist hafa fundið fyrir heldur er ástæða forfalla sögð vera þunglyndi og í nánari lýsingu segir að um versnun einkenna þunglyndis og kvíða sé að ræða. Þá kemur fram að M hafi verið til lyfjameðferðar vegna sama eða tengds heilsuvanda á síðustu 12 mánuðum og að ekki séu önnur atriði sem hafi áhrif á getu sjúklings til að ferðast. Jafnvel þó M hafi lengi þjáðst af þunglyndi og kvíða, með mismiklum einkennum sem hafi ekki áður haft áhrif á getu hennar til ferðalaga, verður því ekki annað ráðið af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum en að ástæða forfalla í þessa tilteknu ferð hafi verið versnun sjúkdóms sem hún þjáðist af og var í meðferð vegna við greiðslu staðfestingargjalds.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir